




## Almenn lækkun á hlutabréfamörkuðum í apríl

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn lækkaði ögn í apríl líkt og hlutabréfamarkaðir flestra viðskiptalanda Íslands. Lækkunin var þó almennt séð meiri í flestum viðskiptalöndunum en hér á landi. Þrátt fyrir lækkun á markaðnum varð þó verðhækkun hjá 13 af 20 félögum á aðallista kauphallarinnar. Lækkun á markaðnum í heild skýrist fyrst og fremst af verðlækkun stórra félaga eins og viðskiptabankanna og Marel.

Sé litið til verðþróunar einstakra félaga á OMX-markaðnum í kauphöllinni voru einna mestar hækkunir hjá fasteignafélögum þremur en þau hækkuðu að meðaltali um 7,1% í mánuðinum. Mesta hækkunin í kauphöllinni var hjá Reitum fasteignafélagi sem hækkaði um 9,9%. Þar á eftir kom Skeljungur með 8,3% hækkun, síðan Eik fasteignafélag með 7,4% hækkun. Þar á eftir komu Sjóvá-Almennar (4,2%), Reginn (3,8%) og Icelandair Group (3,4%). Mesta lækkunin var hjá Iceland Seafood sem lækkaði um 17,8%. Marel lækkaði um 8,2% og Origo um 3%. Þar á eftir komu viðskiptabankarnir þrír sem lækkuðu allir milli mánaða: Kvika banki (-3%), Arion banki (-2,6%) og Íslandsbanki (-1,7%). Alls hækkaði verð 13 félaga en 7 félög lækkuðu.


Ávöxtun hlutabréfa í apríl



### Brim hækkað mest síðustu 12 mánuði

Sé horft til 12 mánaða ávöxtunar einstakra félaga hefur Brim tekið efsta sætið af Eimskip en Brim hefur hækkað um rúm 83% á síðustu 12 mánuðum. Eimskip kemur síðan í öðru sæti með 81% og þar á eftir kemur Skeljungur með 75%. Stærsta félagið í Kauphöllinni, Marel, er eitt af tveimur félögum sem hafa lækkað í verði á síðustu 12 mánuðum, en lækkunin hjá Marel nemur rúmum 22%. Iceland Seafood hefur lækkað um tæpan þriðjung. Minnsta hækkunin er hjá Kviku banka, eða 1,3%. Í næstu sætum koma svo tvö tryggingarfyrirtæki og banki. VÍS hefur hækkað um 10,1% og Sjóvá-Almennar um 19,8%. Á milli þeirra er síðan Íslandsbanki sem hefur hækkað um 14,8%, en það skýrist að hluta til af því að félagið var skráð á markað í júlí á síðasta ári og á því ekki 12 mánaða sögu.

12 mánaða ávöxtun hlutabréfa





## Íslenski markaðurinn lækkaði um 1,5% í apríl

Íslenski markaðurinn lækkaði um 1,5% í apríl samkvæmt heildarvísitölu OMX.<sup>1</sup>


Hlutabréfamarkaðir helstu viðskiptalanda Íslands lækkuðu einnig flestir og meira heldur en íslenski markaðurinn. Lækkunin var mest í Bandaríkjunum, 8,8%, en þar á eftir kom Kína með 6,3% lækkun og Kanada með 5,2% lækkun. Eini markaðurinn þar sem hækkun mældist var í Danmörku, eða 1,1%. Minnsta lækkunin var í Bretlandi (-0,1%) og næstminnst í Finnlandi (-0,5%). Þriðja minnsta lækkunin var síðan hér á landi.

Aprílmánuður byrjaði ágætlega á flestum hlutabréfamörkuðum og fram eftir mánuði var ágætis ávöxtun. Það fór helst að halla undan fæti síðustu vikuna í mánuðinum á flestum mörkuðum og skýrist lækkunin yfir mánuðinn í heild fyrst og fremst af þeirri lækkun sem varð í lok mánaðarins.

## Mesta 12 mánaða hækkunin hefur verið hér á landi


Ef við berum Ísland saman við helstu viðskiptalönd okkar hefur markaðurinn hér á landi skilað næstmestri ávöxtun síðustu 12 mánuði. Ávöxtunin var 16,4% hér á landi. Mest var hún í Noregi, eða 20,1%. Á eftir koma Danir með 10,6% ávöxtun og svo Bretar með 5,1%. Á tveimur Norðurlandanna var neikvæð ávöxtun síðustu 12 mánuði, um 6,5% í Finnlandi og 5,8% í Svíþjóð. Mesta lækkunin var síðan í Þýskalandi, eða 7,8%.

## Ávöxtun hlutabréfamarkaða í apríl



Heimild: Macrobond

## 12 mánaða ávöxtun hlutabréfamarkaða



Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

<sup>1</sup> Iceland All-share Total Return (OMXGI)